


Þjónustustofnanir

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 er gerð grein fyrir þjónustustofnunum og stefnu í viðkomandi málaflokki. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er valið að sýna, á þéttbýlisupprætti, aðeins svæði þjónustustofnana sem taka hvað mest land en fjalla að öðru leyti um þær á þessu blaði. Staðsetning grunnskóla er einnig sýnd á 6. mynd í *Greinargerð I – Stefnumörkun*.


Hlutverk þjónustustofnana er að veita almenningi samfélagsþjónustu á sviði menntunar, fræðslu, heilbrigðis, umönnunar, menningar, verndar og upplýsinga. Þjónustustofnanir í Reykjavík eru margþættar og gegna fjölbreyttu hlutverki eftir þjónustusvæðum.

Á þéttbýlisupprætti er gerð grein fyrir svæðum þar sem er að finna helstu þjónustustofnanir sem þjóna borgarhluta eða stærra svæði. Sumar hverjar falla undir miðsvæði eða íbúðarhverfi og eru því ekki tilgreindar sérstaklega.

Í Reykjavík, höfuðborg landsins, eru til staðar flestar þær þjónustustofnanir sem hafa það hlutverk að þjóna öllum landsmönnum eða stórum svæðum, eins og skólar á háskóla- og framhaldsskólastigi, sérskólar á grunnskólastigi og sjúkrahúsín.



Dæmi um þjónustustofnanir, sem þjóna ákveðnum borgarhlutum, eru heilsugæslustöðvar, öldrunarþjónusta, kirkjur og bókasöfn.



Grunnskólar eru hverfisbundnar stofnanir og er miðað við að skólahverfi rúmi um 900 íbúðir. Í hverju skólahverfi er einnig að finna stofnanir eins og leikskóla, leikvelli og opin svæði sem þjóna fyrst og fremst viðkomandi hverfi. Félagsmiðstöðvar þjóna oft fleiri en einu hverfi en starfsemi á vegum þeirra fer fram í nær öllum grunnskólum borgarinnar.

